

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð

---

Ársreikningur

---

**2022**

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð ses.  
Vínlandsleið 14  
113 Reykjavík  
kt. 671010-1670

---

Fjölmennt, símenntunar - og þekkingarmiðstöð

---

Ársreikningur

---

**2022**

**Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Fjölmenntar

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjölmenntar, símenntunar - og þekkingarmiðstöðar ses fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fjölmennt í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstöðumaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fjölmenntar. Ef við á, skulu stjórn og forstöðumaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstöðumaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
  - Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
  - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
  - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
  - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 8. maí 2023

**Deloitte ehf.**



Hilmar A. Alfredsson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. miðar að því að auka menntun og lífsgæði fatlaðs fólks 20 ára og eldra. Fjölmennt býður upp á fjölbreytta menntun og ráðgjöf til einstaklinga sem ekki eiga kost á námi við almennar menntastofnanir.

### Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	2022	2021
Rekstrartekjur félagsins námu.....	310.822.962	298.105.246
Hagnaður (tap) félagsins nam.....	(3.437.311)	(11.966.820)
Fjöldi ársverka nam.....	19	18
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Eignir félagsins námu.....	13.562.602	23.253.236
Bókfært eigið fé nam.....	4.657.505	8.094.816
Eiginfjárhlutfall félagsins nam.....	34,3%	34,8%

Rekstrarhalli ársins 2022 nemur 3,5 milljónum króna. Áætlanir um hallalausan rekstur stóðust ekki. Ástæður þess eru nokkrar. Vegna langtímaveikinda starfsfólks fór launakostnaður fram úr áætlun. Vegna vísitölubindingar húsaleigu og mikillar verðbólgu varð húsaleiga hærri en áætlunin gerði ráð fyrir. Af sömu ástæðum varð öll þjónusta og aðföng hærri en gert var ráð fyrir í upphafi árs.

Undanfarin ár hefur gengið verulega á eigin fé Fjölmenntar. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar fyrir árið 2023 til þess að laga eiginfjárstöðuna. Ekki verður ráðið starfsfólk í stað þeirra sem hætta vegna aldurs og verktakavinna verður í lágmarki.

### Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Fjölmenntar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og forstöðumaður Fjölmenntar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. maí 2023

Í stjórn

Baugu Una Þrúnaðsdóttir  
Hilmar  
Ólafur Sigmundsson

Stjórnarmeðlimur Ben. Eggertsson

Stjórnarformaður

Gudur Stefánsson

Forstöðumaður

Hilga Zísladóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Námskeiðsgjöld .....		13.114.584	13.569.190
Greiðslur úr ríkissjóði .....		284.100.000	270.834.000
Aðrar tekjur .....		13.608.378	13.702.056
		<u>310.822.962</u>	<u>298.105.246</u>
Laun og launatengd gjöld .....	3	203.703.898	194.045.349
Húsnæðiskostnaður .....	14	31.432.795	29.517.224
Kostnaður vegna kennslu .....	15	65.707.415	74.191.998
Annar rekstrarkostnaður .....	16	12.917.525	10.918.060
Afskriftir fastafjármuna .....	6	564.000	1.424.455
		<u>314.325.633</u>	<u>310.097.086</u>
<b>Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði</b>		(3.502.671)	(11.991.840)
Fjármunatekjur .....	4	461.648	142.096
Fjármagnsgjöld .....	5	(396.288)	(117.076)
<b>Tap ársins</b>		<u>(3.437.311)</u>	<u>(11.966.820)</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Skrifstofuáhöld og kennslubúnaður .....	6	843.490	1.189.489
Innréttingar, húsbúnaður og tæki .....	6	851.167	1.069.168
		<u>1.694.657</u>	<u>2.258.657</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	1.132.779	995.066
Aðrar skammtímakröfur .....	7	6.528.127	0
Bankainnistæður .....		4.207.039	19.999.513
		<u>11.867.945</u>	<u>20.994.579</u>
<b>Eignir</b>		<u>13.562.602</u>	<u>23.253.236</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Stofnfé .....	8	1.000.000	1.000.000
Óráðstafað eigið fé .....		3.657.505	7.094.816
<b>Eigið fé</b>		<u>4.657.505</u>	<u>8.094.816</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Lánadrottinnar .....		1.266.264	2.767.592
Aðrar skammtímaskuldir .....	9	7.638.833	12.390.828
<b>Skuldir</b>		<u>8.905.097</u>	<u>15.158.420</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>13.562.602</u>	<u>23.253.236</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		(3.502.671)	(11.991.840)
Afskriftir .....	6	564.000	1.424.455
<b>Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta</b>		<b>(2.938.671)</b>	<b>(10.567.385)</b>
Rekstartengdar eignir, (hækkun) .....		(6.665.840)	(444.884)
Rekstartengdar skuldir, (lækkun) .....		(6.548.046)	(3.136.126)
<b>Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta</b>		<b>(16.152.557)</b>	<b>(14.148.395)</b>
Innborgaðir vextir .....	4	461.648	142.096
Greiddur fjármagnstekjuskattur .....	5	(101.565)	(117.076)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(15.792.474)</b>	<b>(14.123.375)</b>
Lækkun handbærs fjár .....		(15.792.474)	(14.123.375)
Handbært fé í upphafi árs .....		19.999.513	34.122.888
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<b>4.207.039</b>	<b>19.999.513</b>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. miðar að því að auka menntun og lífsgæði fatlaðs fólks 20 ára og eldra. Fjölmennt býður upp á fjölbreytta menntun og ráðgjöf til einstaklinga sem ekki eiga kost á námi við almennar menntastofnanir.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Námskeiðstekjur eru skráðar og innheimtar þegar skráningu nemenda er lokið og námskeið eru hafin. Aðrar tekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

# Skýringar

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Laun .....	160.957.512	155.083.646
Bifreiðastyrkir .....	940.836	776.667
Lífeyrissjóður .....	22.253.815	20.836.285
Tryggingargjald .....	12.068.544	10.696.858
Stéttarfélagsgjöld .....	4.439.608	4.132.730
Annar starfsmannakostnaður .....	2.685.478	2.346.917
	<u>203.703.898</u>	<u>194.045.349</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	18,5	17,6

## 4. Fjármunatekjur

	2022	2021
Vaxtatekjur .....	461.648	142.096
	<u>461.648</u>	<u>142.096</u>

## 5. Fjármagnsgjöld

	2022	2021
Gengismunur .....	(294.723)	(85.821)
Fjármagnstekjuskattur .....	<u>(101.565)</u>	<u>(31.255)</u>
	<u>(396.288)</u>	<u>(117.076)</u>

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofu- áhöld	Innréttingar og húsbún.	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	19.788.795	14.066.875	33.855.670
Staða í árslok .....	<u>19.788.795</u>	<u>14.066.875</u>	<u>33.855.670</u>
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	18.599.305	12.997.708	31.597.013
Afskrift ársins .....	346.000	218.000	564.000
Staða í árslok .....	<u>18.945.305</u>	<u>13.215.708</u>	<u>32.161.013</u>
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.189.490	1.069.167	2.258.657
Bókfært verð í árslok .....	<u>843.490</u>	<u>851.167</u>	<u>1.694.657</u>
Afskriftarhlutföll .....	20-33%	20%	

Vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Vátrygginga- mat
Skrifstofuáhöld .....	22.654.651
Innréttingar og húsbúnaður .....	<u>25.580.105</u>

# Skýringar

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur .....	1.132.779	995.066
	<u>1.132.779</u>	<u>995.066</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Útlagður kostnaður .....	5.599.127	0
Áunnar óinnheimtar tekjur .....	929.000	0
	<u>6.528.127</u>	<u>0</u>

## 8. Eigið fé

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
Eigið fé 1.1.2022 .....	1.000.000	7.094.816	8.094.816
Afkoma ársins .....		(3.437.311)	(3.437.311)
Eigið fé 31.12.2022 .....	<u>1.000.000</u>	<u>3.657.505</u>	<u>4.657.505</u>

## 9. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	0	5.000.000
Ogreidd launatengd gjöld .....	7.581.833	7.302.317
Aðrar skammtímaskuldir .....	57.000	88.511
	<u>7.638.833</u>	<u>12.390.828</u>

# Skýringar

---

## 10. Leiguskuldbinding

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga um leigu á fasteign að Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík sem ekki er færður í efnahagsreikning. Félagið nýtir sér heimild í reglugerð reikningsskilaráðs nr. 6 um að halda reikningsskilaaðferðum fyrir rekstrarleigusamninga óbreyttum.

Leigusamningurinn rennur út í lok september 2025 og er uppsegjanlegur með 1 árs fyrirvara. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 25 milljónum króna á árinu (2021: 23,3 milljónir). Taflan hér að neðan sýnir greiningu á lágmarksleigugreiðslum samkvæmt samningum þar sem félagið eru leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

31.12.2022

---

Innan árs ..... 26.069.736

## 11. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 8. maí 2023

# Sundurliðanir

	2022	2021
<b>13. Laun og launatengd gjöld</b>		
Vinnulaun .....	160.957.512	155.083.646
Bifreiðastyrkir .....	940.836	776.667
Dagpeningar .....	358.105	172.246
Tryggingagjald .....	12.068.544	10.696.858
Lífeyrissjóður .....	22.253.815	20.836.285
Stéttarfélagsgjöld .....	4.439.608	4.132.730
Annar starfsmannakostnaður .....	2.685.478	2.346.917
	<u>203.703.898</u>	<u>194.045.349</u>
<b>14. Húsnæðiskostnaður</b>		
Húsaleiga .....	25.031.856	23.270.334
Rafmagn og hiti .....	814.481	1.039.886
Viðhald húsnæðis .....	494.184	391.796
Öryggisþjónusta .....	242.494	187.853
Ræsting og hreinlætisvörur .....	3.098.805	3.057.402
Vátryggingar .....	437.565	424.887
Hússjóður og rekstur sameignar .....	1.313.410	1.145.066
	<u>31.432.795</u>	<u>29.517.224</u>
<b>15. Kostnaður vegna kennslu</b>		
Kennslugögn .....	8.509.144	8.052.581
Samningar við menntastofnanir .....	45.989.658	49.725.163
Annar kostnaður vegna kennslu .....	11.208.613	16.414.254
	<u>65.707.415</u>	<u>74.191.998</u>
<b>16. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Rekstur upplýsingakerfis .....	4.972.870	3.771.164
Sími .....	787.064	501.570
Burðargjöld .....	261.032	429.023
Pappír, prentun og ritföng .....	226.488	56.791
Bækur, blöð og áskrift .....	3.100	9.300
Önnur aðkeypt þjónusta .....	1.758.880	1.419.322
Gjafir og styrkir .....	1.798	0
Gjaldferð áhöld, tæki og búnaður .....	866.519	3.566.172
Viðhald áhalda og tækja .....	136.391	300.028
Ferðakostnaður .....	11.350	0
Fundir og ráðstefnur .....	3.607.168	612.186
Annar kostnaður .....	60.000	63.157
Þjónustugjöld banka .....	224.865	189.347
	<u>12.917.525</u>	<u>10.918.060</u>